



Kjarasamninganefnd Akureyrarbæjar
Halla Margrét Tryggvadóttir sviðsstjóri stjórnáslusviðs

Akureyri 4. júní 2019

Erindi: Ósk um heimild til undanþágu frá ráðningarreglum Akureyrarbæjar

Í maí 2019 gerðu mennta- og menningarmálaráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga, Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands og Kennarasamband Íslands með sér samkomulag um launað starfsnám kennaranema á lokaári í leik- og grunnskólum. Þar er kveðið á um að kennaranemi á 5. námsári verði í 50% launaðri stöðu á lokaári í náminu.

Til að kennaranemi fái launaða starfsnámsstöðu þarf hann að sækja um auglýsta stöðu. Hér á Akureyri er uppi sú staða að um hverja lausa stöðu í grunnskólum hafa borist í vor frá 5 til 19 umsóknir, flestar frá kennurum með full réttindi. Því er okkur nauðugur einn kostur þegar nemi sækir um slíka stöðu að hafna umsókninni. Eini möguleiki kennaranema til að komast á launað starfsár í grunnskóla er ef enginn með réttindi sækir um og undanþágunefnd grunnskóla samþykkir að veita skóla undanþágu til að ráða viðkomandi sem leiðbeinanda.

Í leikskólum bæjarins er í raun uppi svipuð staða; um hverja stöðu sækja að jafnaði leikskólakennarar sem ekki er hægt að ganga framhjá við ráðningu. Okkur er því vandi á höndum að standa við fyrrnefnt samkomulag en líta verður þannig á að Akureyri sé skuldbundinn því að útvega kennaranemum stöður. Og þá er komið að erindinu.

Ósk mín er sú að sviðsstjóra fræðslusviðs verði veitt undanþága frá ráðningarreglum Akureyrarbæjar þegar um leikskólakennaranema á lokaári kennaranáms er að ræða. Felst hún í því að bærinn skuldbindi sig til að taka við allt að 6 leikskólakennaranemum á ári og bjóði háskólunum að í þær stöður verði ráðið tímabundið til eins árs skv. samkomulaginu án auglýsingar. Þetta er eina færa leiðin til að sveitarfélagið geti staðið við skuldbindingu sína gagnvart kennaranemum. Ekki er farið fram á hið sama gagnvart grunnskólunum þar sem lögbundið er að undanþágunefnd grunnskólanna, sem heyrir undir Menntamálastofnun, meti umsóknir.

Virðingarfyllt,

Karl Frímannsson
sviðsstjóri fræðslusviðs